

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1602****2020/EES/5/18****frá 23. apríl 2019****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem fylgir sendingum af dýrum og vörum á ákvörðunarstað (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 50. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er komið á fót reglum um framkvæmd opinbers eftirlits af hálfu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna með dýrum og vörum sem koma inn í Sambandið til að sannprófa samræmi við löggjöf Sambandsins um landbúnaðartengda matvælakeðju.
- 2) Þar eð mæla á fyrir um reglur í aðskilinni framseldri gerð, sem verður samþykkt skv. 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, um það í hvernig tilvikum og með hvaða skilyrðum samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal ætti að fylgja sendingum í gegnumflutningi ætti þessi reglugerð eingöngu að gilda um sendingar sem ætlunin er að setja á markað í Sambandinu.
- 3) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er kveðið á um að sendingum af dýrum og vörum, sem koma inn í Sambandið í gegnum tilnefndar landamæraeftirlitsstöðvar, skuli fylgja samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal. Um leið og opinbert eftirlit hefur verið framkvæmt og lokið við samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið má skipta sendingunum í mismunandi hluta samkvæmt viðskiptalegum þörfum rekstraraðilans.
- 4) Í því skyni að tryggja rekjanleika sendinga og víðeigandi samskipti við lögbært yfirvald á ákvörðunarstað ætti að fastsetja reglur um skilyrði og hagnýtt fyrirkomulag að því er varðar hvenær og hvernig samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal ætti að fylgja sendingum, sem eru ætlaðar til setningar á markað, á viðtökustað. Einkum þykir rétt að mæla fyrir um ítarlegar reglur í tengslum við samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið fyrir tilvik þegar sendingum er skipt.
- 5) Til að tryggja rekjanleika sendinga, sem er skipt á landamæraeftirlitsstöð eftir að opinbert eftirlit hefur verið innt að hendi og lögbært yfirvald hefur lokið við samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal, þykir rétt að gera þá kröfu að rekstraraðilinn, sem er ábyrgur fyrir sendingunni, leggi einnig fram samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal fyrir hvern hluta skiptu sendingarinnar í gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit, sem um getur í 131. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/625, sem lögbær yfirvöld á landamæraeftirlitsstöðinni ættu að ljúka við og sem ætti að fylgja hverjum hluta skiptu sendingarinnar á ákvörðunarstaðinn sem er tilgreindur í viðkomandi samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali.
- 6) Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir sviksamlega endurnotkun samræmds heilbrigðis- og innflutningsskjals þykir rétt að gera þá kröfu að töllyfirvöld setji upplýsingar um stærð sendingar, sem koma fram í tollskýrslunni, inn í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit til að tryggja að magn, sem gefið er upp í slíkri tollskýrslu, sé dregið frá leyfða heildarmagninu sem er tilkynnt í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu. Töllyfirvöldum ber skylda til að skiptast á upplýsingum með því að nota rafrænu tollgagnavinnslutæknina sem um getur í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 281/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 ⁽¹⁾. Að því er varðar þessa reglugerð ætti að nota þessa rafrænu gagnavinnslutækni. Til að gefa tolyfirvöldum nægan tíma til að setja þessa tækni upp er rétt að kveða á um að sú skylda að setja upplýsingar um stærð sendinganna inn í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit taki gildi í hverju aðildarríki frá og með þeim degi sem þessi tækni verður starfhæf í því aðildarríki eða frá 1. mars 2023, eftir því hvor dagurinn er á undan.

- 7) Þar eð reglugerð (ESB) 2017/625 gildir frá og með 14. desember 2019 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er fastsett í hvernig tilvikum og með hvaða skilyrðum þess er krafist að samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal, sem um getur í 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, fylgi hverri sendingu af flokkum dýra og vara, sem um getur í 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sem ætlunin er að setja á markað (hér á eftir nefnd „sending“), á viðtökustað.
2. Þessi reglugerð gildir ekki um sendingar í gegnumflutningi.

2. gr.

Skilgreining

Að því er varðar þessa reglugerð merkir „viðtökustaður“ þann stað þar sem sendingin er afhent til lokaaffermingar, eins og kemur fram í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu.

3. gr.

Tilvik þar sem samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal skal fylgja sendingum á viðtökustað

Samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal skal fylgja hverri sendingu án tillits til þess hvort henni er skipt á landamæraeftirlitsstöð eða eftir að hún fer frá landamæraeftirlitsstöðinni en áður en hún er afgreidd í frjálst flæði í samræmi við b-lið 2. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

4. gr.

Skilyrði varðandi samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem fylgir sendingum sem er ekki skipt

Ef sendingu er ekki skipt áður en hún er afgreidd í frjálst flæði, í samræmi við b-lið 2. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, skulu eftirfarandi kröfur gilda:

- a) rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, skal tryggja að afrit af samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali, á pappír eða á rafrænu formi, fylgi sendingunni á viðtökustað og þangað til hún er afgreidd í frjálst flæði í samræmi við b-lið 2. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- b) rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, skal tilgreina tilvísunarnúmer samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalsins í tollskýrslunni, sem er lögð fram hjá tolyfirvöldum, og skal hafa afrit af þessu samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjali tiltækt fyrir tolyfirvöld í samræmi við 163. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013,
- c) tolyfirvöld skulu setja upplýsingar um stærð sendingarinnar, sem koma fram í tollskýrslunni, inn í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit og skulu einungis heimila að sendingin verði sett í tollferli ef ekki er farið yfir heildarmagnið sem sett er fram í samræmda heilbrigðis- og innflutningaskjalinu. Þessi krafa skal ekki gilda ef setja á sendinguna í tollferlið sem um getur í a- og b-lið 210. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtúð. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).

5. gr.

Skilyrði varðandi samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem fylgir sendingum sem er skipt á landamæraeftirlitsstöð

1. Ef skipta á sendingu á landamæraeftirlitsstöð skulu eftirfarandi kröfur gilda:

- a) Þegar rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, sendir fyrirframtilkynningu í samræmi við 3. mgr. 56. reglugerðar (ESB) 2017/625 skal hann tilgreina landamæraeftirlitsstöðina sem viðtökustað fyrir alla sendinguna í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu,
- b) Þegar lögbært yfirvald landamæraeftirlitsstöðvarinnar hefur lokið við samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal fyrir alla sendinguna, í samræmi við 5. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, skal rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, fara fram á að sendingunni verði skipt og skal leggja fram, gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit, samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal fyrir hvern hluta skiptu sendingarinnar og gefa þar upp magn, flutningatæki og viðtökustað fyrir viðkomandi hluta skiptu sendingarinnar,
- c) Lögbært yfirvald landamæraeftirlitsstöðvarinnar skal ljúka við samræmd heilbrigðis- og innflutningsskjöl fyrir hvern hluta skiptu sendingarinnar, í samræmi við 5. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, að því tilskildu að heildarmagnið, sem er tilkynnt um í þessum samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjölum, fari ekki yfir heildarmagnið sem sett er fram í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir alla sendinguna,
- d) rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, skal tryggja að afrit af samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali fyrir hvern hluta skiptu sendingarinnar, á pappír eða á rafrænu formi, fylgi viðkomandi hluta skiptu sendingarinnar á viðtökustaðinn sem þar er tilgreindur og þangað til hann er afgreiddur í frjálst flæði í samræmi við b-lið 2. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
- e) rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, skal tilgreina tilvísunarnúmer samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalsins fyrir hvern hluta skiptu sendingarinnar í tollskýrslunni, sem er lögð fram hjá tollyfirvöldum, og skal hafa afrit af þessu samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjali tiltækt fyrir tollyfirvöld í samræmi við 163. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013,
- f) tollyfirvöld skulu setja upplýsingar um magn viðkomandi hluta skiptu sendingarinnar, sem koma fram í tollskýrslunni, inn í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit og skulu einungis heimila að sá hluti verði settur í tollferli ef ekki er farið yfir heildarmagnið sem sett er fram í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir þennan hluta skiptu sendingarinnar. Þessi krafa skal ekki gilda ef setja á sendinguna í tollferlið sem um getur í a- og b-lið 210. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013.

2. Ef um er að ræða sendingu, sem er ekki í samræmi við tilskilin ákvæði, sem á að skipta á landamæraeftirlitsstöð og lögbært yfirvald landamæraeftirlitsstöðvarinnar gefur rekstraraðilanum fyrirmæli um að grípa til einnar eða fleiri af þeim ráðstöfunum sem um getur í 4. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, að því er varðar einungis hluta sendingarinnar, skulu eftirfarandi kröfur gilda:

- a) eftir að samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal hefur verið fyllt út fyrir alla sendinguna skal rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, leggja fram samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal fyrir hvern hluta skiptu sendingarinnar og tilgreina þar magn, flutningatæki og viðtökustað fyrir þann hluta,
- b) lögbært yfirvald landamæraeftirlitsstöðvarinnar skal ljúka við samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjölin fyrir einstaka hluta skiptu sendingarinnar, í samræmi við 5. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, að teknu tilliti til þeirrar ákvörðunar sem tekin er fyrir hvern hluta skiptu sendingarinnar,
- c) ákvæði d-, e- og f-liðar 1. mgr. skulu gilda um hvern hluta skiptu sendingarinnar.

6. gr.

Skilyrði varðandi samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem fylgir sendingum undir tolltilsjón sem er skipt eftir að þær fara frá landamæraeftirlitsstöð

Ef skipta á sendingu eftir að hún fer frá landamæraeftirlitsstöð og áður en hún er afgreidd í frjálst flæði, í samræmi við b-lið 2. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, skulu eftirfarandi kröfur gilda:

- a) rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, skal tryggja að afrit af samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali, á pappír eða á rafrænu formi, fylgi hverjum hluta skiptu sendingarinnar þangað til hann er afgreiddur í frjálst flæði í samræmi við b-lið 2. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

- b) að því er varðar hvern hluta skiptu sendingarinnar skal rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, tilgreina tilvísunarnúmer samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalsins í tollskýrslunni, sem er lögð fram hjá tollyfirvöldum, og skal hafa afrit af þessu samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjali tiltækt fyrir tollyfirvöld í samræmi við 163. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013,
- c) að því er varðar hvern hluta skiptu sendingarinnar skulu tollyfirvöld setja upplýsingar um magn viðkomandi hluta, sem koma fram í tollskýrslunni, inn í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit og skulu einungis heimila að sá hluti verði settur í tollferli ef ekki er farið yfir heildarmagnið sem sett er fram í samræmda heilbrigðis- og innflutningaskjalinu. Þessi krafa skal ekki gilda ef setja á sendinguna í tollferlið sem um getur í a- og b-lið 210. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013.

7. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Þó skulu eftirfarandi ákvæði gilda í hverju aðildarríki frá þeim degi þegar rafræna tollgagnavinnslutækni, sem um getur í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013, verður starfhæf í því aðildarríki eða frá 1. mars 2023, eftir því hvor dagurinn er á undan:

- a) ákvæði c-liðar 4. gr.,
- b) ákvæði f-liðar 1. mgr. 5. gr.,
- c) ákvæði c-liðar 6. gr.

Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um það hvaða dag þessi rafræna gagnavinnslutækni verður starfhæf.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
